aptur, skyldi 160 kr. af þeim ganga til vatnsveitinga í Staðarbyggðarmýrum, en hinum 40 kr. skyldi bœta við styrkinn handa Guttormi Vigfússyni, svo hann yrði 200 kr. **105** 9. ágúst

— *Brjef* ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja* um lán handa sýslunefnd. Eptir málavöxtum þeim, er þjer hafið frá skýrt, herra landshöfðingi, í þóknanlegu brjefi yðar 28. júní þ. á., er yður hjer með þjónustusamlega veitt umboð til að veita Borgarfjarðarsýslu lán úr viðlagasjóði landsins, er nemi 1000 kr., til þess að afstýra hallæri í Akraneshreppi á vetri þeim, er í hönd fer, og skal greiða 4 af hundraði í vöxtu af lánsfje þessu, og endurborga það á tveggja ára fresti. **106** 14. ágúst.

— *Brjef* landshöfðingja *til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu* um endurborgun á innskriptargjaldi frá vesturförum. **107** 16. ágúst.

Þjer hafið, herra amtmaður, sent mjer bónarbrjef með fylgiskjali frá hreppsnefndinni í Þistilfirði um endurborgun á innskriptargjaldi Snorra bónda Jónssonar á Svalbarði og Stefáns bónda Kristjánssonar á Eyvindarstöðum í Kelduhverfi. Höfðu báðir þessir menn ætlað sjer til Vesturheims með fjölskyldu sína og sent L. Jensen gestgjafa innskriptargjaldið, en þegar til kom, hættu þeir við að fara, af því þá vantaði farareyri þann, sem með þurfti auk innskriptargjaldsins. Álítið þjer ísjárvert fyrir landsstjórnina, að hlutast til um þetta mál, þar sem það var nefndum bœndum sjálfum að kenna, að ekkert varð úr hinni fyrirhuguðu Vesturheimsferð, og með því jeg verð að vera yður samdóma um þetta, bið jeg yður að tjá hlutaðeigöndum, að jeg sjái mjer ekki fœrt að skipta mjer neitt af þessu máli.

— *Brjef* landshöfðingja *til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu* um fjárrekstra yfir takmörk kláðasvæðisins. — Þrátt fyrir óþrif þau, er komið hafa fram allvíða á kláðasvæðinu síðastliðinn vetur og vor, virðist hið almenna heilbrigðisástand fjárins í hinum kláðagrunuðu sveitum vera svo, að ástœða sje til að veita hinar sömu undanþágur sem veittar voru í fyrra haust, frá banni mínu 18. marz f. á. gegn fjárrekstrum og fjárflutningum yfir takmörk kláðasvæðisins, en þau eru að vestan og norðan Hvítá í Borgarfirði upp að Deildargili, Deildargil og Kaldidalur, en að austan Brúará, Hvítá og Ölvesá. **108** 29. ágúst.

Fyrir því skal hjer með leyft að reka fje eða flytja til skurðar yfir greind takmörk, með þeim nákvæmari skilyrðum, sem til eru tekin í auglýsingu landshöfðingja frá 9. sept. f. á. um undanþágur undan fjárrekstrabanni (Stjórnartíð. 1876 B. 100). Þetta er tjáð yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstafanar.

— *Brjef* landshöfðingja *til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um* endurgreiðslu sveitarstyrks. — Með úrskurði yðar, herra amtmaður, frá 4. nóvbr. f. á., er hreppsnefndin í Álptaneshreppi hefir áfrýjað, er hún skylduð til að endurgjalda bœjarsjóði Reykjavíkurkaupstaðar kostnaðinn við sjúkdómslegu Sesselju Tómasdóttur í sjúkrahúsinu í Reykjavík veturinn 1875—76, alls 153 kr. 38 a. **109** 11. sept.

Áminnstri Sesselju var eptir áskorun hjeraðslæknisins komið á sjúkrahúsið 20.